

#### **4. fundur fræðslunefndar v/Flúðaskóla árið 2009, haldinn 29. sept kl. 12:00, í Flúðaskóla.41. fundur kjörtímabilsins.**

Mætt til fundar: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Esther Guðjónsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Berglind Bjarnadóttir og Jóhannes Sigurðsson fulltrúar Skeiða – og Gnúpverjahrepps og Fjóla Kjartansdóttir, fulltrúi foreldra og Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara.

##### **Dagskrá**

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

##### **1. Skýrsla skólastjóra**

Skólastarf hefur farið vel af stað. Allar stöður eru mannaðar og eru 20 stöðugildi við skólann.

##### **2. Önnur mál.**

- a. Skólanámsskrá –almenni hluti.** Ritið er með sama sniði og í fyrra, en breytingar hafa verið gerðar á skipuriti skólans. Lagt fram til kynningar.
- b. Bókasafnið.** Skólastjóri lagði til að starfshlutfall starfsmanns bókasafnsins yrði aukið til að mæta betur kröfum fyrir skólabókasafn.
- c. Kórarstarf.** Formaður lagði fram tilkynningar bréf frá formönnum Hrunasóknar og Hrepphólasóknar um samvinnu við Flúðaskóla vegna kórarstarfs. Rætt hefur verið við nokkra aðila um að taka við barnakórnum og er vonast til lausn finnist innan skamms.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 9. nóvember kl. 10.00

Fundargerðin lesin yfir og samþykkt.

Fleira var ekki gert fundi slitið kl. 13.00